

Platome Líftækni - Endurvinnsla á blóðflögum.

Ágrip af erindi Dr. Ólafs Eysteins Sigurjónssonar sem hann mun flytja á aðalfundi Samlífs.

Margir horfa með bjartsýni til notkunar stofnfruma í læknisfræðilegri meðferð, fag sem í daglegu tali er kallað vefjalækningar. Enn er langur vegur þar til að vefjalækningar, aðrar en notkun á blóðmyndandi stofnfrumum, verða að venjubundinni meðferð á spítölum.

Margar hindranir eru til staðar við fjölgun stofnfruma utan líkama. Við slíka fjölgun er venjulega notað sermi unnið úr kálfafóstrum en notkun slíks kálfasermis fylgja þó fjölmörg vandamál, eins og möguleikar á dýrborinu smiti, ónæmisvandamál, auk þess sem að dýraverndunarsjónarmið spila inn í. Til að losna við að nota kálfasermi í fölgunarferlinu er mögulegt að nota roflausnir sem búnar eru til úr útrunnum blóðflögueiningum, sem falla til í blóðbönkum og er vanalega fargað.

Rannsóknarhópur Dr. Ólafs E. Sigurjónssonar, dósentis við Háskólann í Reykjavík og forstöðumanns rannsóknar og þróunar í Blóðbankanum hefur verið frumkvöðull á þessu sviði sem m.a. hefur leitt til stofnunar líftækniyfirtækisins Platome Líftækni.

Samlíf – Samtök líffræðikennara
Kennarahúsinu, Laufásvegi 81.
101 Reykjavík.
Netfang: liffraedikennarar@gmail.com
Heimasíða: www.lifkennari.is
<https://www.facebook.com/groups/samlif/>
Ábm. félagsbréfs: Hólmfríður Sigþórsdóttir.



Aðalheiður Björk Olgudóttir
Efstasundi 12
104 Reykjavík

Félagsbréf Samlífs

Desember 2016

Aðalfundur Samlífs

Boðað er til aðalfundar Samlífs,
samtaka líffræðikennara laugardaginn

14. janúar 2017 kl. 12:00

á Litlu Brekku við Lækjarbrekku.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar Samlífs fyrir árið 2016.
3. Reikningar Samlífs fyrir árið 2016.
4. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
5. Lagabreyting lögð fram.
6. Önnur mál.
7. Matur.
8. Fræðsluerindi: Platome Líftækni - Endurvinnsla á blóðflögum.
Dr. Ólafur Eysteinn Sigurjónsson.
9. Fundarslit.

Allir líffræðikennarar eru velkomnir!

Vegna veitinga er mikilvægt að skrá sig með því að senda póst á Samlíf, liffraedikennarar@gmail.com, fyrir **12. janúar**.

Ísland á Ólympíuleikunum 2016

Ísland sendi í fyrsta skipti landslið til þátttöku í Ólympíukeppninni í líffræði, IBO (International Biology Olympiad). Tóku um 90 nemendur frá 10 framhaldsskólum þátt í forkeppninni, í framhaldi var þeim 15 sem bestum árangri náðu boðin þátttaka í æfingabúðum og úrslitakeppni. Í ljósi þess að eitt megin áhersluatriði keppinnar í Hanoi í Víetnam þetta ár var plöntu- lífeðlisfræði var leitað til Kesara Margrétar Jónsson, prófessors við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, sem tók að sér leiðsögn nemenda í æfingabúðunum. Þeir nemendur sem á endanum völdust í landslið voru Stefán Eggertsson, Erla Liu Ting Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Markússon og Teitur Ari Theodórsson; öll nemendur á lokaári í MR. Nemendur sáu sjálfir um undirbúning sinn fyrir fræðilegan hluta keppinnar en fengu verklega þjálfun hjá kennurum Líf- og umhverfisvísindadeildar HÍ, m.a. Arnars Pálssonar og Snædísar Huldar Björnsdóttur. Komið var til Hanoi fáeinum dögum fyrir keppnina. Hópurinn fór saman í siglingu um Halong-flóann sem er þekktur fyrir náttúrufegurð og líffræðilegan fjölbreytileika en ótal gróðurþaktar smáeyjar og kalksteinsklettar rísa þar bratt úr lygnum sjónum. Einnig var farið á áhrifamikla sýningu í Óperuhúsi Hanoi. Alvara lífsins hófst síðan sunnudaginn 17. júlí. Á opnunaráttíð keppinnar tíðkast að liðin séu kynnt til leiks og gangi á svið klædd þjóðlegum klæðnaði. Okkar fríði flokkur klæddist íslensku EM-treyjunum, sem vöktu mikla lukku. Á fyrsta degi keppnisvikunnar fá nemendur að skoða aðstöðuna og þann búnað sem notaður er í verklegu prófunum. Á meðan vinna dómara við yfirferð prófverkefnanna sem felst í að þýða þau og lagfæra einstakar spurningar. Prófverkefni felast annars vegar í fjórum 90 mínútna verklegum prófum og hins vegar eru lögð fyrir tvö þriggja tíma fræðileg próf. Prófverkefni eru mjög krefjandi og ljóst er að leggja verður mun meiri vinnu í þjálfun nemenda ef góður árangur á að nást, sérstaklega í verklega þættinum. Framganga íslenska liðsins í keppninni var til fyrirmyndar. Gott samband myndaðist við marga liðsmenn hinna þátttökuþjóðanna og enginn vafi er á að sú reynsla sem fékkst af þátttöku í keppninni skilar sér margfalt sem innblástur og hvatning bæði fyrir þá kennara sem fylgdu liðinu og ekki síst fyrir nemendurna sem eru nú öll að hefja háskólanám í greinum tengdum lífvísindum. Þátttaka í keppni sem þessari er nokkuð kostnaðarsöm, ekki síst þegar um svo langt ferðalag er að ræða sem nú. Auk mennta- og mennigarmálaráðuneytisins veittu skólarnir MR og FÁ nemendum og kennurum sínum ferðastyrki. Foreldrafélag MR lagði rausnarlega fjárhæð til fararinnar á tíma þegar helst leit út fyrir að ekki næðist að fjármagna ferðina. Styrki veittu einnig fyrirtækin Brim ehf., Medor, Veritas, MS og HB Grandi. KSÍ lagði til landsliðstreyjur fyrir opnunaráttíðina. Við þökkum þessum aðilum innilega fyrir stuðninginn.

Jóhanna Arnórsdóttir og Þórhallur Halldórsson fararstjórar.

Fréttabréf borið út í síðast sinn

Fréttabréf Samlífs verður hér eftir sent félagsfólki rafrænt.

Sumarnámskeið 2017 – umhverfisfræði

Sumarnámskeið Samlífs í ár er tileinkað **umhverfisfræði** og verður haldið dagana **30. maí – 2. júní**, á höfuðborgarsvæðinu. Meðal kennara verður Dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Nánari dagskrá verður send út þegar nær dregur.

Námskeiðsgjald (staðfestingargjald) verður 5.000 kr. og innifalið auk fyrirlestra eru veitingar í kaffihléum og hádegisverður alla dagana. Umsóknarfrestur vegna skráningar: **1. maí 2017**. Skráning fer fram á vef Rannís eða með því að senda póst á Samlíf, liffraedikennarar@gmail.com.

Umsjónarmaður/tengiliður: Hólmfríður Sigþórsdóttir
(holmfridur@flensburg.is)

Lagabreyting

5. Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur. Einnig skulu kosnir á aðalfundi tveir varamenn í stjórn. Ef atkvæði falla jöfn skal varpa hlutkesti.

Fráfarandi stjórn leggur fram eftir farandi breytingar á 5. grein laga félagsins.

5. Stjórn félagsins skal skipuð 6 fulltrúum frá háskólum, framhaldsskólum og grunnskólum. Stjórn samanstendur af formanni, gjaldkera, ritara, umsjónaraðilum IBO og meðstjórnendum. Einnig skulu kosnir tveir varamenn.